

um flugsamgöngur.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leitast við að fá fullnægjandi upplýsingar um það þegar á þessu ári, hvort De Haveland-Caribou-flugvélar, sem framleiddar hafa verið í Kanada á undanförunum árum, henti Íslendingum til innanlandsflugs betur en aðrar flugvélar, m. a. hvort þær geti orðið til almennari nota og sparað fjármagn í byggingu flugvalla.

#### Greinargerð.

Eins og kunnugt er, mun notkun sjóflugvéla í innanlandsflugi hér á landi falla niður með öllu innan skamms. Sú eina flugvél af þessari gerð, sem enn er hér í notkun til fólksflutninga, er orðin svo gömul, að hennar mun ekki njóta lengi við úr þessu. Hins vegar eru sjóflugvélar ekki lengur framleiddar í heiminum, svo að ekki verður um endurnýjun flugvéla af þeirri gerð að ræða.

Um leið og sjóflugvélar falla úr sögunni, skapast erfiðleikar í flugsamgöngum þeirra landshluta, sem enga eða ófullnægjandi flugvelli hafa fyrir þær flugvélar, sem nú annast innanlandsflug. Flugvellir fyrir Dakota- og Skymaster-flugvélar eru mikil mannvirki og dýr, og mun langur tími líða, þar til þeir verða komnir svo víða hér á landi, að flug með landflugvélum verði til jafnalmennra nota og flug með sjóflugvélum hefur verið fram að þessu í sumum landshlutum.

Á tveimur þingum, 1958 og 1959, voru samþykktar þingsályktunartillögur um flugsamgöngur. Sú fyrri var um það að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvernig flugsamgöngum Vestfirðinga verði hagkvæmast fyrir komið og hvort núverandi sjúkraflugvellir á Vestfirðum geti fullnægt landflugvélum, svo að almenn not verði að flugsamgöngum þar vestra.

Síðari þingsályktunartillagan var áskorun til ríkisstjórnarinnar um það að láta fara fram athugun á nýjungum í smíði farþegaflugvéla, sem hentugar væru til innanlandsflugs hér á landi og sparað gætu fé við byggingu flugvalla.

Samkvæmt þessum þingsályktunartillögum létu fyrrverandi ríkisstjórnir, 1958 og 1959, athuga þetta mál. Fólu þær flugráði að kynna sér nýjungar á þessu sviði, er að gagni gætu komið fyrir Íslendinga. Nefnd frá flugráði, sem framkvæmdi þessa athugun, segir í skýrslu sinni til ríkisstjórnarinnar 15. nóv. 1958:

„Nú er t. d. byrjað að framleiða í Kanada flugvél af tegundinni De Haveland-Caribou, sem virðist vera hin ákjósanlegasta til notkunar á stuttar flugbrautir.“

Höfuðkostur þessarar flugvélar er talinn sá, að henni muni nægja flugbraut, sem að lengd er aðeins  $\frac{1}{3}$  til  $\frac{1}{2}$  þeirra flugbrauta, er núverandi landflugvélar okkar þurfa, og flytur hún þó 20—30 farþega.

Þessi mikli kostur flugvélarinnar mundi leysa mikinn vanda í innanlandsflugi Íslendinga, ef ekki kemur annað til, er hindrar notkun þessarar flugvélar hér á landi. Nefna má m. a. eftirfarandi:

1. Stórir og dýrir flugvellir yrðu óþarfir.
2. Koma mætti upp flugbrautum fyrir Caribou-flugvélar á ýmsum þeim stöðum í landinu, þar sem ekki er unnt að koma við flugbrautum fyrir aðrar farþegaflugvélar vegna landslags og staðhátta.
3. Mikill hluti núverandi flugbrauta fyrir sjúkraflugvélar fullnægði Caribou-flugvélum.
4. Innanlandsflug yrði að meiri og almennari notum.

Þar sem allmikil reynsla er nú fengin í Kanada á Caribou-flugvélum, er nauðsyn á því fyrir Íslendinga, að ekki dragist lengur að fá úr því skorið, hvort þessi tegund flugvéla er ákjósanlegri en aðrar flugvélar fyrir innanlandsflug hér á landi. Ef svo reynist, má ekki biða þess allt of lengi að notfæra sér þá nýjung, og í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.